

**Nd.**

## **320. Frumvarp**

til laga um kartöflukjallara og markaðsskála.

Flutningsm.: Bjarni Ásgeirsson, Pétur Ottesen.

### **1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að láta reisa á hentugum stað i Reykjavík kjallara til öruggrar geymslu á kartöflum, sem framleiddar eru í landinu og ætlaðar til sölu innanlands, og sé stærð kjallarans ákveðin með hliðsjón af því, að hann rúmi 10000 tonn.

Ennfremur er stjórninni heimilt að láta reisa ofan á kjallaranum skála með hæfilegum umbúnaði til þess að þar geti farið fram, þegar ástæður leyfa, sala með markaðssniði á íslenskum afurðum.

### **2. gr.**

Þegar kartöflukjallarinn er fullgerður, skal hann leigður til þeirra nota, sem segir í 1. gr., íslenskum kartöfluframleiðendum og þeim, er verzla með íslenskar kartöflur.

### **3. gr.**

Þegar markaðsskálinn er fullgerður, skal leigja hann þeim einstaklingum eða félögum, sem vilja selja þar eða láta selja íslenskar afurðir, þær sem hagkvæmt þykir að hafa á boðstólum á þann hátt.

### **4. gr.**

Atvinnumálaráðherra setur með reglugerð, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, nánari ákvæði um notkun og starfrækslu bygginga þessara, hvorrar um sig, og semur um leigu fyrir afnot þeirra.

### **5. gr.**

Byggingar þessar er stjórninni heimilt að selja, ríkissjóði að skaðlausu, samlagi eða samvinnufélagi kartöfluframleiðenda og þeirra, er verzla með innlendar kartöflur, ef slíkur félagsskapur æskir kaupanna og setur tryggingar, er ríkisstjórnin metur gildar, en þá skal sala markaðsskálans bundin því skilyrði, að eigendur íslenskra framleiðsluvara, þótt eigi séu í slíkum félagsskap, megi hafa þar vörur sínar á boðstólum, að því leyti, sem rúm leyfir, með leigumála, er atvinnumálaráðherra samþykkir.

### **6. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Öllum má vera ljóst, hver nauðsyn er á, að landsmenn framleiði sjálfir sem mest af sínum eigin lífsnauðsynjum. Kartaflan er ein af mestu nytjajurtum heimsins og sú af þeim, er mest er notuð til manneldis, sem bezt er fallin til ræktunar hér á landi, svo að ekki verður talið vansalaust, að hún skuli vera innflutt í svo stórum stíl sem enn er. Það, sem hvað mest hefir staðið hér í vegi fyrir stórfelldri ræktun kartöflu til sölu, eru örðugleikar þeir, sem eru á að geyma miklar birgðir af þeim á þeim stöðum, þar sem sala er mest, t. d. í Reykjavík. En samgönguferfiðleikar innanlands á vetrum eru þess valdandi, að hægra verður að ná nýjum birgðum frá útlöndum en utan úr sveitum, þótt til væru þar. Úr þessu má mikið bæta með byggingu kartöflukjallara í Reykjavík, með því að þá er opnuð leið til þess að menn viðsvegar af landinu geti notað kartöflumarkaðinn í Reykjavík allt árið, og með því tryggt, að fé það, sem nú er greitt út úr landinu fyrir kartöflur, geti runnið í vasa innlendra kartöfluframleiðenda.

Erlendis hefir það löngum verið venja, og er enn, að selja ýmsar landbúnaðarvörur á markaði eða torgi, sem kallað er. Hafa víða verið reistar söluhallir til þess að hægt sé að reka þessháttar verzlun að vetrinum og aðra tíma árs, þegar misjafnt er veður. Hér hefir þetta sölufyrirkomulag verið lítið þekkt til þessa. Síðastliðið sumar var það þó reynt litilsháttar í Reykjavík, bæði með grænmeti og mjólkurafurðir, og eftir reynslu þeirri, er það gaf, virðist mega gera sér vonir um góðan árangur af því, bæði fyrir framleiðendur og neytendur. En það er ljóst, að mun meiri þörf er hér en í hinum suðlægari löndum fyrir skýli til að reka þessa verzlun í, og virðist réttast, að það sé byggt yfir kartöflukjallarann. — Nánar í framsögu.